

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna Iðavalla 14b og Vatnsholts 2, úr VP12 í M13.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 14. ágúst 2026 breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. maí 2026.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði VP12 er breytt í miðsvæði M13. Gert er ráð fyrir fjölbýlishúsi á tveimur til fjórum hæðum með 60 íbúðum en byggingarmagn eykst úr 2.500 m² í 7.650 m², þar af er verslunar- og þjónusturými 220 m². Afmörkun og stærð reits breytist ekki.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 14. ágúst 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2026